

Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um jafnt búsetuform
barna sem búa á tveimur heimilum.**

Frá Elsu Láru Arnardóttur.

1. Er unnið að lagabreytingum á grunni skýrslu innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum sem lögð var fram á Alþingi í september 2015 (168. mál á 145. löggjafarþingi)?
2. Ef svo er, hvenær verða frumvörp um málið lögð fram? Ef ekki, hvenær ætlar ráðherra að hefja þá vinnu?